

Fjármála- og efnahagsráðuneyti

Reykjavík 23. nóvember 2018

Efni: Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum um virðisaukaskatt

Vísað er í drög að frumvarpi til laga um breytingu á lögum um virðisaukaskatt er varða m.a. virðisaukaskattsskyldu alþjóðaflugvalla, sem finna má á Samráðsgátt stjórnarráðsins. Eins og kemur fram kemur í frumvarpinu lýtur breytingin m.a. að því að skýra nánar skattskyldu rekstraraðila alþjóðaflugvalla á Íslandi til samræmis við það sem gildir í nágrannaríkjum okkar. Jafnframt er það markmiðið að taka af tvímæli um að sú þjónusta sem rekstraraðli flugvalla veitir loftförum og farþegum þeirra skuli teljast til veltu sem undanþegin er virðisaukaskatti. Eingöngu er tekin afstaða til þessa þáttar frumvarpsins.

Isavia fagnar því að frumvarpið sé komið fram og að um leið sé tekin af allur vafi um með hvaða hætti beri að skýra þau ákvæði laganna sem breytingin lýtur að. Bent er á að á árunum 2010 til 2017 var VSK uppgjör vegna Keflavíkurflugvallar framkvæmt í samræmi við þá tilhögun sem frumvarpið leggur hér til en þeirri framkvæmd breytt á þessu ári. Félagið telur að skerpa mætti á þessum skilningi í frumvarpinu þ.e. að verið sé að taka af vafa um að verið sé að skýra lögin í samræmi við framkvæmdina 2017 og fyrr.

Félagið telur mikilvægt og leggur áherslu á að heildargjaldtaka á Keflavíkurflugvallar þ.e. skattar og notendagjöld sem lögð eru á farþega, flugrekendur eða rekstraraðila flugvallarins séu líkleg til að hafa verulega áhrif á samkeppnishæfni hans og landsins í heild, til að draga að sér erlenda flugrekendur og ferðamenn. Mikilvægt er því að gjaldtakan sé ekki á skjön við það sem almennt gerist erlendis og falli að því regluverki sem þekkt er í nágrannalöndunum m.a. um gagnsæi gjaldtökunnar.

Keflavíkurflugvöllur er í alþjóðlegri samkeppni um þjónustu við flugs, sem tengistöð viðkomufarþega og síðan landið allt sem viðkomustaður ferðamanna. Því vill félagið benda á sameiginlega hagsmuni í jákvæðri nálgun á gjaldtöku og skattheimtu á flugvellinum og mikilvægt er að horft sé í því sambandi til viðskiptaumhverfis flugvalla. Frumvarpið er jákvæð nálgun í átt til samkeppnishæfra rekstrarumhverfis flugvalla og félagið ítrekar ánægju sína með það.

F.h. Isavia ohf



Karl Alvarsson yfirlögfræðingur